



Stefna **ÞSSÍ**
í jafnréttismálum

Stefna **PSSI**
í jafnréttismálum

Samþykkt af stjórn ÞSSÍ, 271. fundur, ágúst 2004

Höfundur frumtexta: Guðrún Haraldsdóttir
Ráðgjafanefnd: Guðni Magnús Eiríksson, Margrét Einarsdóttir,
Þórdís Sigurðardóttir

Útgefið af ÞSSÍ, Pósthólf 5330, 125 Reykjavík, www.iceida.is

Umsjón með útgáfu: Sjöfn Vilhelmsdóttir

Ljósmyndir: bls. 6 Guffi, bls. 9 Pétur Waldorf, bls.10 Guffi, bls. 13 Guffi,
bls. 16 Hjördís Guðbjörnsdóttir, bls. 19 Pétur Waldorf, bls. 24 Stella Samúelsdóttir,
bls. 28, Guffi, bls. 31 Sjöfn Vilhelmsdóttir, bls. 35 Sjöfn Vilhelmsdóttir,
bls. 40 Guffi. bls. 49 Hjálmar Jónsson.

Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir - **Prentun:** Prentmet.
Febrúar 2005

Efnisyfirlit

Skammstafanir	4
Samantekt	5
1. Inngangur	6
Kynjajafnrétti sem forsenda fyrir réttlátri og árangursríkri þróun	6
Jafnréttisstefnur í þróunarstarfi	7
2. Lagalegar og pólitískar skuldbindingar	10
Íslensk stefnumál og lagaumhverfi	10
Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands	11
Stefnumál og lagaumhverfi samstarfslanda ÞSSÍ	14
3. Kynjasjónarmið	16
Félagsleg skilgreining á kynjahugtakinu	16
Áhersla á bæði kynin?	17
4. Jafnrétti og markmið þróunarstarfs	19
Almenn markmið þróunarsamvinnu	19
Kynjajafnrétti og þúsaldarmarkmiðin	21
5. Aðferðir í þróunarstarfi til eflingar jafnréttis	24
Samþætting: ný leið til jafnréttis kynjanna	24
Þátttökunálgun í þróunarstarfi	27
6. Jafnréttismál og verkefnissvið ÞSSÍ	31
Mennta- og félagsmál	31
Heilbrigðismál	34
Stuðningur við atvinnuvegi: fiskimál	37
7. Endurskoðun jafnréttisstefnunnar	41
Neðanmálgreindir	41
Heimildir og itarefni	43
Viðaukar	46
Viðauki I: Hugtakaskilgreiningar	46
Viðauki II: Alþjóðlegir samningar sem tengjast jafnréttismálum og Ísland á aðild að	47

Skammstafanir

CEDAW	Convention on the Elimination of All forms of Discrimination Against Women – Samningur um afnám á öllu misrétti gegn konum
CIDA	Canadian International Development Agency – Kanadíska þróunarsamvinnustofnunin
DAC	Development Assistance Committee – Þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
GAD	Gender and Development – Kyn og þróun
OECD	Organization for Economic Co-operation and Development – Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin
PRS	Poverty Reduction Strategies – Þróunaráætlanir
Sida	Swedish International Development Cooperation Agency – Sænska þróunarsamvinnustofnunin
UNDP	United Nations Development Program – Þróunarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNESCO	United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation – Mennta- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNICEF	United Nations Childrens Fund – Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
WID	Women in Development – Konur og þróun
ÞSSI	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Samantekt

Jafnréttisstefna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) byggir á tveimur meginatriðum. Í fyrsta lagi á þeirri sannfæringu að kynjajafnrétti sé *mannréttindamál*, og í öðru lagi á viðurkenningu á því að jafnrétti kynjanna – þ.e. sömu réttindi, tækifæri og skyldur karla og kvenna – séu *forsenda fyrir árangursríkri þróun*.

Markmið jafnréttisstefnu ÞSSÍ er að stuðla að kynjajafnrétti í samstarfslöndum sínum með því að *sambætta* kynja- og jafnréttissjónarmið í verkefni stofnunarinnar. Það er einnig markmið jafnréttisstefnunarinnar að stuðla að jöfnum rétti kvenna og karla innan stofnunarinnar sjálfrar þannig að tryggt verði að mannauður hennar nýtist sem best.

ÞSSÍ mun vinna að því að *sambætta* kynja- og jafnréttissjónarmið í stofnanastarfsemi sína og framkvæmd þróunarverkefna á þeim verkefnasviðum sem stofnunin starfar; mennta-, félags- og heilbrigðismálum og stuðningi við atvinnuvegi og nýtingu náttúruauðlinda. Þetta starf mun byggja á fjórum frumforsendum:

- *upplýsingaöflun* um stöðu kynjanna
- vali *starfsmanns* sem hefur yfirumsjón með og leiðbeinir um framkvæmd jafnréttisstefnunar
- *fræðslu* til starfsfólks um jafnréttismál
- þróun *aðferða* til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Sambætting mun m.a. fela í sér að verkefnaáætlanir munu byggja á kyngreindum upplýsingum um efnahagslega og menningarbundna stöðu kynjanna og verða mótaðar með tilliti til þarfa bæði karla og kvenna. Með hliðsjón af almennt lægri samfélags- og efnahagsstöðu kvenna mun stofnunin þó halda áfram að beina fjárframlögum að því að bæta stöðu kvenna sérstaklega en um leið leitast við að stuðla að samvinnu og þátttöku karla í slíkum verkefnum.

Jafnréttisstefnan kveður einnig á um að úttektir á þróunarverkefnum ÞSSÍ skuli meta hversu vel hefur tekist að *sambætta* kynja- og jafnréttissjónarmið í verkefnum stofnunarinnar.



1. Inngangur

KYNJAJAFNRÉTTI SEM FORSENDA FYRIR RÉttlÁTRI OG ÁRANGURSRÍKRI ÞRÓUN

Á undanförunum áratugum hefur áhugi á jafnrétti kvenna og karla aukist mikið á alþjóðlegum vettvangi. Almenn samkomulag er nú á milli aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna um að kynjajafnrétti sé forsenda fyrir réttlátri og árangursríkri þróun, og einnig er samkomulag um aðgerðir til að vinna gegn kynjasmunun¹.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðabankanum hefur baráttan fyrir jafnrétti kynjanna á alþjóðlegum vettvangi skilað sér m.a. í

bættum hag kvenna á sviði menntunar og heilsugæslu í vissum heimshlutum², en í heildina hefur þetta starf þó gengið hægt og skilað afar misjöfnum árangri. Skýrslur Sameinuðu þjóðanna sýna greinilega að hvergi í heiminum hefur tekist að koma á algjöru jafnrétti kvenna og karla³ og í þessum skýrslum má sjá að víðast er til staðar alvarlegur kynjaójöfnuður í tengslum við þær breytur sem notaðar eru til að mæla félagsþróun.

Innan þróunargeirans hefur ýmislegt verið gert undanfarna áratugi til að taka á kynjamisrétti og hefur ýmislegt þókast framávið, sérstaklega í sambandi við stofnanauppbyggingu þróunarsamvinnustofnananna sjálfra. En þrátt fyrir það vantar mikið á að jafnréttismál hafi orðið mikilvægur hluti allra þátta og stiga þróunarsamvinnu. Enn er sterk tilhneiging til þess að líta á jafnrétti kvenna og karla sem jaðarmálefni í þróunarsamvinnu fremur en grundvallar viðfangsefni og forsendu fyrir árangursríku þróunarstarfi.

Áhersla á jafnréttismál í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er byggð á tveimur meginatriðum. Í fyrsta lagi á þeirri sannfæringu að kynjajafnrétti sé *mannréttindamál*, og í öðru lagi á viðurkenningu á því að jafnrétti kynjanna – þ.e. sömu réttindi, tækifæri og skyldur karla og kvenna – séu *forsenda fyrir árangursríkri þróun*. Þannig lítur ÞSSÍ á jafnrétti milli kvenna og karla sem brynt félagslegt málefni og mikilvægan þátt í viðleitni til að stuðla að mannréttindum og lýðræði. Markmið jafnréttisstefnu ÞSSÍ er að stuðla að kynjajafnrétti í samstarfslöndum sínum með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í verkefni stofnunarinnar. Það er einnig markmið jafnréttisstefnunnar að stuðla að jöfnum rétti kvenna og karla innan stofnunarinnar sjálfar þannig að tryggt verði að mannaúður hennar nýtist sem best.

JAFNRÉTTISSTEFNUR Í ÞRÓUNARSTARFI

Sjónarhorn og aðferðir til að auka kynjajafnrétti með þróunarstarfi hafa tekið grundvallarbreytingum frá því að fyrst var farið að veita jafnréttismálum athygli á alþjóðlegum vettvangi. Þessar breytingar eru annars vegar fólgnar í þeirri viðhorfsbreytingu að kynjajafnrétti skipti máli fyrir alla, ekki bara konur, og hins vegar eru þær fólgnar í þeirri aðferðafræðilegu breytingu að auka þátttöku og ábyrgð karla í mótun og framkvæmd jafnréttissjónarmiða í þróunarstarfi.

Hugtakið *konur og þróun* (Women in Development eða WID) kom fyrst fram á áttunda áratug síðustu aldar þegar hópur kvenna sem vann við alþjóðleg þróunarstörf vakti máls á þeirri

staðreynd að þróunarverkefni hefðu öðruvísi áhrif á líf og aðstæður kvenna en karla. WID sjónarhornið lagði áherslu á að greina stöðu kvenna, sérstaklega með tilliti til efnahagslegra ferla og þróunar, en veitti körlum og sambandi kvenna og karla litla athygli. Áhersla WID nálgunarinnar var á að sýna fram á að sérstök athygli á stöðu kvenna og þátttaka þeirra í þróunarverkefnum myndi leiða til árangursríkari þróunar. WID vakningin leiddi til útgáfu mikils efnis um efnahagslega stöðu kvenna í suðurhluta heimsins og mismunun gegn þeim í framkvæmd þróunarverkefna. Þróaðar voru aðferðir til að reikna bæði launað og ólaunað vinnuframlag kvenna inn í efnahagstöður og vakningin leiddi til þess að farið var að setja þróunarfjármagn í verkefni sem sérstaklega var ætlað að bæta stöðu kvenna.

Strax á níunda áratugnum fór þó að koma fram gagnrýni á WID sjónarhornið. Skortur á samanburði á stöðu kvenna og karla í WID rannsóknum var gagnrýndur og einnig ofuráhersla þeirra á efnahagslegt hlutverk og framlag kvenna á kostnað annarra menningarlegra og félagslegra þátta sem áhrif hafa á vald og tækifæri beggja kynja. Þessi gagnrýni og þær umræður sem út frá henni spunnust leiddu til þróunar á nýju sjónarhorni sem tekur tillit til bæði kvenna og karla og leggur áherslu á greiningu þeirra félagslegu ferla, stofnanna og tengsla sem valda og viðhalda þeim kynjaójöfnuði sem yfirleitt leiðir til lægri stöðu og færri tækifæra fyrir konur. Þessi nálgun hefur verið nefnd *kyn og þróun* (Gender and Development eða GAD). Nálgunin byggist á *kynjasjónarmiði* frekar en *kvennasjónarmiði* eins og WID nálgunin gerði, og er nú viðtekin nálgun í jafnréttismálum innan þróunargeirans. Kynjasjónarmið leggur áherslu á það hvernig félagsleg staða og tengsl karla og kvenna hafa áhrif á möguleika þeirra til þátttöku í þróunarstarfi og þess að njóta góðs af því. Lítið er svo á að lægri samfélagsleg staða kvenna sé ekki aðeins hindrun fyrir konur heldur hindri það einnig almenna félagslega og efnahagslega þróun og sé því alls ekki eingöngu „kvennamálefni“. Kynjasjónarmið leggur áherslu á að viðleitni til að auka jafnrétti kvenna og karla í og með þróunarstarfi krefjist ekki aðeins tæknilegra aðgerða heldur einnig pólitískra. Lausnin felist ekki aðeins í að auka þátttöku kvenna í þróunarferlinu heldur einnig í því að endurmóta ferlið í heild sinni þannig að það endurspegli sýn, hagsmuni og þarfir beggja kynja og stuðli markvisst að kynjajafnrétti.

Viðhorf og aðgerðir í jafnréttismálum innan ÞSSÍ hafa í stórum dráttum fylgt stefnum á alþjóðlegum vettvangi. Síðustu áratug-



ina hafa aðgerðir stofnunarinnar til að stuðla að auknu kynja- jafnrétti í samstarfslöndunum einkum beinst að konum í formi sérstakra kvennaverkefna. Með auknum framlögum Íslands til tvíhliða þróunarsamvinnu og markvissari stefnu ÞSSÍ í jafnréttismálum, mun stofninin á næstu árum samræma starf sitt nýjum straumum á alþjóðlegum vettvangi og leggja aukna áherslu á að *sambætta* kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnu og störf stofnunarinnar. Slík sambætting mun m.a. fela í sér verkefnaáætlanir sem byggja á kyngreindum upplýsingum um efnahagslega og menningarbundna stöðu kynjanna og eru mótaðar með tilliti til þarfa bæði karla og kvenna. Með hliðsjón af almennt lægri samfélags- og efnahagslegri stöðu kvenna mun stofninin þó halda áfram að beina fjárframlögum að því að bæta stöðu kvenna sérstaklega en um leið leitast við að stuðla að samvinnu og þátttöku karla í slíkum verkefnum (sjá nánar kafla 3 og 6).



2. Lagalegar og pólitískar skuldbindingar

ÍSLENSK STEFNUMÁL OG LAGAUMHVERFI

Íslensk lög byggja á þeirri meginreglu að allar manneskjur séu jafnar, óháð t.d. kyni. Jafn réttur og jöfn staða kynjanna er staðfest í stjórnarskránni og sérstök jafnréttislög tóku fyrst gildi árið 1976. Núverandi *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla* voru samþykkt á Alþingi þann 9. maí árið 2000 og skylda þau íslensk stjórnvöld, stofnanir og atvinnurekendur til þess að stuðla að kynjajafnrétti á markvissan og kerfisbundinn hátt⁴. Núverandi framkvæmdaáætlanir íslenskra stjórnvalda á sviði jafnréttismála leggja áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttis-sjónarmiða í allri opinberri starfsemi⁵.

PSSÍ fylgir stefnu íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegu þróunarsam-

starfi og starfar á grundvelli laga nr. 43 frá 1981 um tvíhliða samstarf Íslands við þróunarlöndin. Aætlað er að framlag Íslands til tvíhliða þróunaraðstoðar aukist verulega á næstu árum og kallar það á skýrari stefnu og markvissara starf. Frá því að sett voru lög um ÞSSÍ árið 1981 hefur meginmarkmið íslenskrar þróunarsamvinnu verið að vinna gegn fátækt⁶. Þetta markmið er útfært í stefnumiðum stofnunarinnar frá árinu 2000 þar sem stuðningur við lýðræðisþróun, jafnrétti og mannréttindamál kemur fram, auk athugasemdar um sérstaka áherslu á að bæta kjör þess fólks sem verst er stött, sérstaklega kvenna og barna. Í nýjum stefnumiðum ÞSSÍ sem samþykkt voru 2004 eru jafnréttismál sett fram sem ein af megináherslum í starfi stofnunarinnar til samræmis við stefnu íslenskra stjórnvalda í jafnréttismálum og stefnum í alþjóðlegu þróunarstarfi⁷. Áhersla í jafnréttisvinnu ÞSSÍ er tvíþætt. Annars vegar mun stofnunin á næstu árum leitast við að þróa leiðir til að tryggja á markvissan hátt jafna stöðu kynjanna innan stofnunarinnar sjálfrar. Þetta mun m.a. fela í sér leiðir til að tryggja jöfn tækifæri kvenna og karla til að starfa og öðlast starfsframa innan stofnunarinnar, leiðir til að tryggja jöfn laun kynjanna fyrir sambærileg störf, þróun fjölskyldustefnu og þróun leiða til að koma í veg fyrir og meðhöndla kynferðislega áreitni og einelti á vinnustað. Hins vegar mun ÞSSÍ á næstu árum leggja aukna áherslu á að stuðla að jafnrétti kynjanna í samstarfslöndum sínum með samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í áætlanagerðir þróunarverkefna stofnunarinnar. Þannig mun ÞSSÍ líta á aukið jafnrétti kynjanna sem eina af mikilvægustu leiðunum til að ná meginmarkmiði tvíhliða þróunaraðstoðar Íslendinga, sem er að draga úr fátækt.

ALÞJÓÐLEGAR SKULDBINDINGAR ÍSLENDINGA

Ísland hefur tekið þátt í ýmiskonar alþjóðlegri starfsemi sem varðar kynjajafnrétti, og hefur staðfest alla helstu alþjóðlega samninga sem sérstaklega varða mannréttindi kvenna (sjá viðauka 2).

Grunnurinn fyrir formlegt alþjóðlegt samstarf á sviði jafnréttismála var lagður á áttunda áratug síðustu aldar með fyrstu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna 1975 og gerð CEDAW samningsins 1979. CEDAW samningurinn er yfirgrípsmikill milliríkjasáttmáli um mannréttindi kvenna og í honum felst viðurkenning á því að forsendan fyrir framförum í mannréttindamálum, sem felur í sér aukið kynjajafnrétti, sé að gera þau að hluta af þróunarstarfi. Í kjölfar CEDAW samningsins innlimuðu ýmsar alþjóðlegar stofnanir og tvíhliða þróunarsamvinnustofnanir ákvæði um mannréttinda- og jafnréttismál í

stefnumið og viðmiðunarreglur sínar í þróunarsamvinnu. CEDAW samningurinn var undirritaður af íslenskum stjórnvöldum árið 1980 og fullgildur árið 1985. Samningurinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi en er bindandi samkvæmt alþjóðlegum lögum⁸.

Önnur tímamót í alþjóðlegri samvinnu um jafnréttismál urðu með fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem haldin var í Beijing 1995. Íslendingar tóku þátt í ráðstefnunni en hún var gríðarlega fjölmenn og fékk mikla athygli. Á ráðstefnunni var samþykkt framkvæmdaáætlun sem dregur fram tólf þætti (*Critical Areas of Concern*) sem taldir eru þurfa sérstaka athygli í viðleitni til að stuðla að meira kynjajafnrétti í heiminum. Þessir þættir eru: fátækt, menntun, heilbrigði, ofbeldi, stríðsátök, efnahagsmál, ákvarðanavald, stofnanagerð, mannréttindi, fjölmiðlar, umhverfismál og staða stúlkubarna. Hvert samstarfsland ÞSSÍ fyrir sig raðar þessum þáttum í forgangs röð eftir aðstæðum í hverju landi en við útfærslu Beijing framkvæmdaáætlunarinnar hafa mörg þeirra lagt áherslu á nán tengsl kynjamisréttis og fátæktar, sérstaklega með tilliti til stöðu stúlkubarna, menntunar, heilsugæslu og frelsis í kynferðismálum og barneignum.

Á 55. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2000 var samþykkt svokölluð þúsaldaryfirlýsing sem m.a. skuldbindur aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna til að nota aðgerðir til að auka kynjajafnrétti sem tæki í baráttunni gegn fátækt, hungri og sjúkdómum og til að stuðla að sjálfbærri þróun⁹. Þúsaldaryfirlýsingin og hin átta þúsaldarmarkmið¹⁰ sem á henni byggja staðfesta markmið CEDAW samningsins og Beijing framkvæmdaáætlunarinnar og eru nú almenn viðmið í tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu. Þriðja þúsaldarmarkmiðið kveður sérstaklega á um aukið kynjajafnrétti og aukinn frumkvæðisrétt kvenna og í útfærslu þess er lögð áhersla á að auka menntun, launaða atvinnuþátttöku og ákvarðanavald kvenna. Þúsaldarmarkmiðin setja skýrt fram þá skoðun að framfarir á sviði þróunarmála tengist beint bættri stöðu kvenna og barna.

Ísland hefur tekið þátt í ýmsum öðrum alþjóðlegum ráðstefnum sem tengjast kynjajafnrétti og mannréttindamálum og staðfest þar skuldbindingar sínar í CEDAW samningum og Beijing framkvæmdaáætluninni¹¹. Árið 2004 tók Ísland í fyrsta sinn sæti í Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna sem stofnuð var 1946. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd



Beijing framkvæmdaáætlunarinnar í einstökum löndum og að fylgjast með hvernig til hefur tekist að samþætta kynjasjónarmið í starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna. Auk þátttöku í alþjóðlegri starfsemi Sameinuðu þjóðanna er Ísland einnig bundið af ýmsum sáttmálum og samþykktum um jafnréttis- og mannréttindamál með aðild sinni að evrópskum og norrænum stofnunum. Árið 2004 sótti Ísland um aðild að DAC og mun í auknum mæli starfa í samræmi við samþykktir og leiðbeiningar DAC um framkvæmd þróunaraðstoðar. Innan DAC¹² er starfandi sérstök nefnd um jafnréttismál (*DAC Working Party on Gender Equality*) sem hefur m.a. staðið fyrir útgáfu á sérstöku leiðbeiningariti um hvernig ná megir markmiðum Beijing framkvæmdaáætlunarinnar¹³.

Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði jafnréttismála hefur haft mikil áhrif á þróun jafnréttismála á Íslandi. Má þar m.a. nefna aukna áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónar-

miða á alþjóðlegum vettvangi sem nú er einnig áberandi í framkvæmdaáætlun íslenskra stjórnvalda á sviði jafnréttismála. Auk þess hefur umræða um stöðu karla og þátttöku þeirra í jafnréttisbaráttunni aukist mikið á Íslandi undanfarin ár í samræmi við þróun á alþjóðlegum vettvangi. Auk þess að byggja á íslenskum lögum og stefnu mun aukin viðleitni ÞSSÍ til að stuðla að kynjajafnrétti í þróunarverkefnum stofnunarinnar á næstu árum byggjast á ákvæðum CEDAW samningsins, Beijing framkvæmdaáætlunarinnar og þúsaldarmarkmiðunum sem eru undirstaða pólitískra skuldbindinga aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna til að stuðla að jafnrétti karla og kvenna. Stofnunin mun styðja við þá stefnu samstarfslanda sinna að tengja aðgerðir í jafnréttismálum við baráttuna gegn fátækt og mun einnig taka mið af þeirri forgangsröð sem þau hafa ákveðið. Þannig reynir stofnunin að tryggja að áherslur hennar í jafnréttismálum byggi á forgangsatríðum samstarfslandanna, ekki síður en á íslenskum sjónarmiðum. Áhersla ÞSSÍ á mennta- og heilbrigðismál samræmist vel áherslum Beijing framkvæmdaáætlunarinnar og þúsaldarmarkmiðanna og flest samstarfslönd stofnunarinnar forgangsraða jafnréttisaðgerðum á þessum sviðum í baráttu sinni gegn fátækt. Þá mun ÞSSÍ einnig stuðla að jafnréttisaðgerðum í aðstoð sinni við uppbyggingu atvinnuvega og efnahagslífs samstarfslandanna en útreikningar viðurkenndra alþjóðlegra stofnanna hafa sýnt fram á að aukið kynjajafnrétti á þeim vettvangi hefur jákvæð áhrif á hagvöxt¹⁴.

STEFNUMÁL OG LAGAUMHVERFI SAMSTARFSLANDA ÞSSÍ

ÞSSÍ sér lögum samkvæmt um tvíhliða þróunaraðstoð Íslendinga sem byggist á gagnkvæmum milliríkjasamningum milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna samstarfslandanna. Í alþjóðlegu þróunarstarfi er nú lögð ríkari áhersla á aukið samstarf þróunarsamvinnustofnanna og aðlögun þess að þróunaráætlunum (PRS) samstarfslandanna. Með þessu móti er vonast til að alþjóðlegt þróunarstarf verði markvissara og árangursríkara. ÞSSÍ mun á næstu árum laga sig að þessum breyttu aðstæðum og leitast við að marka sér hlutverk í slíku samstarfi. Þar sem ábyrgðin á jafnréttismálum samstarfslanda ÞSSÍ er í höndum ríkisstjórna þeirra er mikilvægt að viðleitni stofnunarinnar til að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna taki mið af forgangsatríðum og stefnumörkun í þessum löndum. Í hverju samstarfslandi mun ÞSSÍ kynna sér þróunaráætlanir og jafnréttisstefnu ítarlega við undirbúning nýrra verkefna svo tryggt sé að þeir þættir eða aðferðir sem stuðla eiga að kynjajafnrétti í þróunarverkefnum ÞSSÍ samræmist áætlunum og áherslum samstarfslandanna. Einnig mun stofn-

unin fylgjast með áherslum og frumkvæði annarra aðila en ríkisstjórna í jafnréttismálum, t.d. félagasamtaka, annarra þróunar-samvinnustofnana og alþjóðlegra stofnana sem eru starfandi í samstarfslöndum ÞSSÍ. Samræming við störf og stefnu annarra aðila á sviði jafnréttismála mun m.a. fela í sér aukna þátttöku starfsfólks ÞSSÍ í samstarfsnefndum um jafnréttismál sem kunna að starfa í samstarfslöndunum.

Þó ÞSSÍ muni á þennan hátt auka áherslu á að samræma þróunarverkefni sín þróunaráætlunum samstarfslandanna mun stofnunin þó áskilja sér rétt til að meta sjálfstætt mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða í verkefnum sínum. Samkvæmt íslenskum lögum og með aðild Íslands að öllum helstu alþjóðlegum samningum sem varða kynjajafnrétti og mannréttindi kvenna ber ÞSSÍ að stuðla að kynjajafnrétti með starfi sínu og mun stofnunin virða þá skyldu við undirbúning og framkvæmd verkefna sinna. Í flestum tilvikum samræmist þessi skylda alþjóðlegum skuldbindingum og opinberum stefnum samstarfslanda ÞSSÍ sem hafa sína eigin jafnréttislöggjöf og hafa staðfest alþjóðlega sáttmála um aukið kynjajafnrétti. Þar sem ákvæði þessara alþjóðlegra sáttmála eru af einhverjum ástæðum höfð að engu í samstarfslöndum ÞSSÍ og jafnréttislög þeirra brotin mun stofnunin leita leiða til að hvetja til aukins vægis kynja- og jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum sem hún starfar. Ef slík viðleitni ber engan árangur og lítill eða enginn vilji er af hálfu samstarfsaðila til að auka kynjajafnrétti mun það í öllum nema vel rökstuddum undantekningatilfellum þýða að ÞSSÍ mun draga sig út úr samstarfinu og ekki framlengja verkefnasamninga.



3. Kynjasjónarmið

FÉLAGSLEG SKILGREINING Á KYNJAHUGTAKINU

Nauðsynlegt er að skilja greinarmuninn á líffræðilegri og félagsfræðilegri skilgreiningu á kyni. Í líffræðilegum skilningi vísar hugtakið kyn (sex) til líffræðilegs munar á konum og körlum sem eru þau sömu alls staðar. Dæmi um þetta er geta kvenna til að ala börn. Í félagsfræðilegum skilningi vísar hins vegar hugtakið kyn, eða kynferði (gender) til félagslega mótaðra hlutverka kynjanna og þeirrar stöðu sem þau hafa í samfélaginu vegna þeirra. Í hverju samfélagi eru misjöfn viðhorf, væntingar, réttindi og skyldur tengdar því að vera karl eða drengur annars vegar og kona eða stúlka hins vegar. Félagsfræðilegt hlutverk

kynjanna er breytilegt frá einu samfélagi til annars og þannig getur hlutverk sem tengist körlum í einu samfélagi verið tengt konum í öðru. Innan hvers samfélags eru kynhlutverk einnig mjög mismunandi en sá munur ákvarðast t.d. af aldri, trúarbrögðum og stétt. Félagsleg hlutverk kynjanna eru stöðugum breytingum undirorpin og geta breyst í grundvallaratriðum frá einni kynslóð til annarrar.

ÁHERSLA Á BÆÐI KYNIN?

Kynferði hefur áhrif á líf allra. Þróunarverkefni sem í fyrstu virðast hafa lítið að gera með kynferði hafa oftast en ekki mismunandi áhrif á líf kvenna og karla og geta ýmist haft þau áhrif að auka eða minnka mismunun eftir kynferði þótt slíkt hafi hvorki verið tilætlað né fyrirséð. Hvergi í heiminum hafa kynin sama aðgang að félagslegri þjónustu eða efnahagslegum gæðum. Verkaskipting og vinnumarkaður eru víðast hvar mjög kynbundin og endurspeglar sú skipting allt í senn, mismunandi hefðir og venjur samfélagsins, mismunandi tækifæri karla og kvenna til að afla sér menntunar og starfsreynslu og mismunandi áhugasvið kynjanna. Sú þekking og reynsla sem byggst hefur upp í alþjóðlegu þróunarstarfi undanfarna áratugi hefur sýnt að mikilvægt er að veita kerfislægum orsökum kynjamisréttis athygli. Þar á meðal eru kerfisbundnar hindranir gegn jafnri pólitískri þátttöku og ákvörðunarvaldi kynjanna og ójafnir möguleikar kynjanna á efnahagslegu sjálfstæði og þátttöku í efnahagslegum ákvarðanaferlum. Menningarlegir og félagslegir þættir stuðla einnig að kynjamismunun og kúgun en Beijing framkvæmdaáætlunin vekur athygli á mikilvægi þess að eyða neikvæðum og lítillækkandi viðhorfum í garð kvenna og stúlkna. Ef taka á tillit til áhrifa kynferðis við skipulag og framkvæmd þróunarverkefna verður að taka tillit til ólíkrar hegðunar, væntinga og þarfa bæði kvenna og karla. Þetta á ekki síst við þegar um völd og/eða efnahagsleg gæði er að ræða. Nákvæmur skilningur á hvers konar kynbundnum hindrunum er afar mikilvægur svo hægt sé að tryggja að bæði karlar og konur taki þátt í og njóti góðs af þróunarstarfi.

Kynjasjónarmið í þróunarstarfi tekur til greina stöðu *bæði* kvenna og karla og samband þeirra á milli og felur því ekki síður í sér athugun á viðhorfi og hegðun karla en kvenna. Ábyrgð og þátttaka bæði kvenna og karla í aðgerðum sem stuðla eiga að jafnrétti kynjanna er forsenda fyrir að slíkt starf beri árangur. Í framkvæmdaáætlun Beijing ráðstefnunnar er bent á mikilvægi þess að virkja karla til þátttöku í jafnréttismálum og í alþjóðlegu þróunarstarfi er nú vaxandi athygli beint að því að þróa aðferð-

ir og nálganir til að ná því markmiði¹⁵. En þó jafnréttisstarf krefj-
ist þátttöku bæði kvenna og karla má ekki gleyma því að kynja-
mismunun er langoftast fólgin í mismunun gegn konum og því
er sérstök áhersla á aukinn frumkvæðisrétt kvenna grundvallar-
atriði í viðleitni til að stuðla að réttlátri og árangursríkri þróun.
Aukinn frumkvæðisréttur kvenna felst í aukinni vitund kvenna
um stöðu sína, aukinni getu þeirra til að ráða yfir og stjórna lífi
sínu og auknu valdi þeirra yfir auðlindum af ýmsu tagi. Almennt
markmið þróunarstarfs er að auka frumkvæðisrétt fátæks fólks
almennt en kynjasjónarmið sýna að konur eru yfirleitt verr
staddar hvað það varðar en karlar og réttlætir það sérstakar að-
gerðir til að leiðrétta þann mun.

ÞSSÍ mun starfa á grundvelli þess skilnings að þróunarverkefni
hafi yfirleitt mismunandi áhrif á líf kvenna og karla vegna ólíkr-
ar stöðu þeirra og hlutverka í samfélaginu. Við undirbúning
verkefna verður lögð áhersla á að greina kerfislægar og menn-
ingarbundnar orsakir fyrir mismunandi stöðu og þátttöku kynj-
anna á því sviði samfélagsins sem verkefnin beinast að og á
grundvelli þess verður reynt að móta framkvæmdaáætlanir fyr-
ir verkefnin sem miða að því að tryggja þátttöku bæði karla og
kvenna. Ef um er að ræða svið þar sem þátttaka annars kynsins
er mjög takmörkuð skal leitast við að finna leiðir til að auka
þátttöku þess kyns með sérstökum aðgerðum. Stofnunin mun
fylgjast náið með viðleitni í alþjóðlegu þróunarstarfi við að þróa
aðferðir til að virkja karla til þátttöku í jafnréttismálum og auka
frumkvæðisrétt kvenna og mun nýta sér þær nýjungar sem falla
að stefnum og verkefnanálgun stofnunarinnar. Sérstök áhersla
verður lögð á að styðja frumkvæði hjá samstarfsþjóðum stofn-
unarinnar til að vinna gegn pólitískum, efnahagslegum, menn-
ingarlegum og félagslegum hindrunum sem standa í vegi fyrir
jafnrétti kvenna og karla.



4. Jafnrétti og markmið þróunarsamvinnu

ALMENN MARKMIÐ ÞRÓUNARSAMVINNU

Meginmarkmið í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga er að vinna gegn fátækt og er áhersla lögð á samvinnu við lönd þar sem lífskjör eru lökust að mati viðurkenndra alþjóðlegra stofnanna. Á undanförunum árum hefur ÞSSÍ í auknum mæli lagt áherslu á að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í samstarfslöndum stofnunarinnar með því að auka framlög til grunnmenntunar og heilbrigðismála og með því að beina aukinni athygli að kynjamismunun og stöðu kvenna. Þessi stefna er í samræmi við

þær alþjóðlegu samþykktir sem Íslendingar eru aðilar að, þar á meðal þúsaldarmarkmiðin sem nú eru almenn viðmið í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Aukin og markvissari alþjóðleg samvinna í baráttunni gegn fátækt er undirstaða þúsaldarmarkmiðanna og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í öllu þróunarstarfi er ein meginleiðin til að ná þeim. Flestar þróunarsamvinnustofnanir og alþjóðlegar stofnanir leggja nú áherslu á kynjasjónarmið og jafnréttismarkmið í starfi sínu en margoft hefur verið sýnt fram á að mismunun milli kynjanna og önnur félagsleg mismunun hindrar framfarir og baráttuna gegn fátækt í heiminum. Það er í samræmi við þessa stefnu í alþjóðlegu þróunarstarfi sem ÞSSÍ hefur nú gert jafnréttismarkmið að einni megináherslu í almennri stefnu sinni, og mun á næstu árum vinna að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í alla starfsemi sína.

Sú hætta er alltaf fyrir hendi í alþjóðlegu þróunarstarfi að erlent starfsfólk þróunarsamvinnustofnana hafi fyrirfram gefnar hugmyndir um kynhlutverk og önnur félagsleg tengsl í samstarfslandinu sem byggjast á reynslu úr þeirra eigin samfélagi. Slíkar hugmyndir geta leitt til alvarlegra mistaka og fjársóunar í þróunarstarfi en samfélagsleg kyngreining við undirbúning þróunarverkefna er mikilvægt tæki til að koma í veg fyrir það og mun ÞSSÍ í auknum mæli nýta sér slíka greiningu við undirbúning þróunarverkefna sinna. Kyngreining greinir hlutverk og auðlindir bæði karla og kvenna, en reynslan sýnir að útkoma slíkrar greiningar bendir oftast til þess að aðgerða sé þörf til að bæta stöðu og ákvarðanavald kvenna. Þegar allt kemur til alls snýst þróun mjög oft um að auka vald fátæks og valdalítils fólks til að ráða yfir eigin lífi og auðlindum sem leiða til lífsgæða. Aðferðir til að ná þeim markmiðum ögra hins vegar oft viðtekinni valdaskiptingu samfélagsins og það leiðir gjarnan til ágreinings. Svokallað kynhlutleysi í þróunarstarfi, sem lítur framhjá kynferði og þar með valdamun kynjanna, er ein leið til að stýra hjá slíkum ágreiningi. Forsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi er hins vegar sú að bæði kynin taki þátt í og njóti góðs af þróunarverkefnum. Því er mikilvægt að takast á uppbyggilegan hátt á við valdamun kynjanna og þann ágreining sem ögrun gegn þeim mun getur skapað, strax í upphafi allra þróunarverkefna. ÞSSÍ lítur á félagslega mismunun, þar á meðal mismunun byggða á kyni, sem hindrun gegn því meginmarkmiði stofnunarinnar að draga úr fátækt. Það er stefna stofnunarinnar að greina og takast á við slíka mismunun með þróunarverkefnum sínum og leita leiða til að jafna tækifæri og auka frumkvæðisrétt þeirra félagshópa sem verst eru staddir.

KYNJAJAFNRÉTTI OG ÞÚSALDARMARKMIÐIN¹⁶

Þúsaldarmarkmiðin fela í sér sameiginlega syn hins alþjóðlega samfélags um betri heim þar sem örbirgð og barnadauði hafa stórminnkað, kynjamismunun í tækifærum til menntunar er úr sögunni, konur hafa öðlast svipaðan frumkvæðisrétt og karlar, framboð á heilsugæslu hefur aukist og umhverfisvernd er sjálf-sagður þáttur alls þróunarstarfs. Eitt af markmiðunum átta er að auka kynjajafnrétti en aukið kynjajafnrétti er einnig mikilvægur þáttur í að ná öllum hinum markmiðunum. Í framkvæmdaáætluninni sem fylgir þúsaldarmarkmiðunum er lögð sérstök áhersla á aukið læsi meðal kvenna, aukna þátttöku þeirra í störfum öðrum en landbúnaðarstörfum, sem og aukið hlutfall þeirra á þjóðþingum.

Þúsaldarmarkmið um þróun

1. Eyða fátækt og hungri
2. Tryggja að öll börn njóti grunnskólamenntunar árið 2015
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyninu
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

Kynjajafnrétti og fátækt

Fyrsta þúsaldarmarkmiðið kallar á aðgerðir til að stórmínka hlutfall þess fólks sem býr við örbirgð og hungur í heiminum á næstu árum en mikilvæg leið til þess er að tryggja hagvöxt fátækra landa. Sýnt hefur verið fram á að aukið kynjajafnrétti hefur bein áhrif á hagvöxt þjóða, m.a. vegna þess að það leiðir til skilvirkari nýtingar vinnuaflds, eykur atvinnutækifæri kvenna og bætir framleiðsluafköst. Jafnréttisaðgerðir sem stuðla beint að hagvexti eru t.d. jöfnun á menntunartækifærum kynjanna, jöfnun á eignarhaldi kynjanna og aðgengi þeirra að auðlindum, jöfnun á vinnuálagi kynjanna (launuðu og ólaunuðu) og jöfnun á aðgengi kynjanna að upplýsingum og tækni.

Kynjafnrétti og menntun

Menntunarmarkmið þúsaldarmarkmiðanna staðfestir markmiðin um *Menntun fyrir alla* sem samþykkt voru á menntunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Dakar í Senegal árið 2000 og miða að því að öll börn, jafnt stúlkur sem drengir, hafi tækifæri til að ljúka grunnmenntun. Af þeim 150 milljónum barna á aldrinum 6 til 11 ára sem nú ganga ekki í skóla í heiminum eru 90 milljónir stúlkur samkvæmt tölum frá Alþjóðabankanum¹⁷. Það er því ljóst að aðgerðir sem stuðla að kynjafnrétti eru mikilvægur liður í því að ná menntunarmarkmiði þúsaldarmarkmiðanna. Reynslan hefur sýnt að aukin menntun er einn mikilvægasti liðurinn í að draga úr fátækt í heiminum og þróunarverkefni sem draga úr kostnaði við skólagöngu stúlkna, byggja upp hreinlætisaðstöðu og öryggi í skólum, stuðla að þjálfun fleiri kvenkennara og auka atvinnutækifæri kvenna að menntun lokinni eru meðal þeirra leiða sem hægt er að nota til að vinna gegn félagslegum og efnahagslegum hindrunum gegn skólagöngu stúlkna og auka líkurnar á að þær ljúki grunnmenntun.

Kynjafnrétti og heilbrigði

Þrjú af þúsaldarmarkmiðunum tengjast heilbrigðismálum, þ.e.a.s. því að draga úr ungbarnadauða, bæta heilsu mæðra og efla baráttuna gegn sjúkdómum sem landlægir eru í fátækum löndum, svo sem eins og alnæmi og malaríu. Þó heilsugæsla hafi víða batnað á undanförunum árum sýna tölur Sameinuðu þjóðanna að langt er í land að kynin sitji við sama borð hvað heilbrigðismál varðar en í flestum fátækum ríkjum heimsins hallar mjög á heilsu og lífslíkur kvenna¹⁸. Reynslan hefur sýnt að meiri menntun kvenna, auknar tekjur þeirra og frumkvæðisréttur, sem m.a. eykur vald þeirra yfir eigin líkama og getu þeirra til að sækja sér og börnum sínum heilbrigðisþjónustu, stuðlar að betra heilbrigði á meðgöngu og eftir fæðingu, lækkar ungbarnadauða og hækkar lífaldur kvenna. Mikilvægt er því að þróunarverkefni á heilbrigðissviði séu sniðin að ólíkum þörfum kynjanna og getu þeirra til að notfæra sér þjónustuna og að sérstakri athygli sé beint að því að bæta heilsu kvenna og aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu.

Kynjafnrétti og umhverfisvernd

Sjöunda þúsaldarmarkmiðið staðfestir samþykktir alþjóðasamfélagsins frá ráðstefnunni í Rio de Janeiro árið 1992 um sjálfbæra þróun og umhverfisvernd. Sú ráðstefna markaði tímamót í hugum margra fyrir þá áherslu sem lögð var á tengsl umhverfisverndar og jafnréttismála í samþykktum hennar. Síðan þá hefur mikil-

vægi þess að vinna að jafnréttismálum samhliða umhverfisverndarmálum verið staðfest á mörgum alþjóðlegum ráðstefnum, þ.á.m. á leiðtogaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg árið 2002. Við undirbúning þróunarverkefna er mikilvægt að kanna kynbundnar þarfir og verkaskiptingu á því sviði samfélagsins þar sem framkvæma á þróunarverkefni til að gera sér grein fyrir hvernig ólík hlutverk og hagsmunir kynjanna geta stuðlað að eða hugsanlega dregið úr líkum þess að umhverfismarkmiðum verkefnisins sé náð en þetta á sérstaklega við um verkefni sem hafa bein tengsl við náttúrulegt umhverfi. Miklu máli skiptir að gera ekki ráð fyrir að karlleiðtogar samfélagsins komi á framfæri raunverulegum hlutverkum, hagsmunum og sjónarmiðum kvenna eða valdalítilla hópa karla heldur verður að finna leið til þess að þeir hópar geti komið því á framfæri sjálfir í umhverfi þar sem þeir geta látið skoðanir sínar óhindrað í ljós.

Kynjajafnrétti er ekki aðeins eitt af þúsaldarmarkmiðunum, heldur eru aðgerðir til að auka kynjajafnrétti mikilvægur hluti þess að ná öllum þúsaldarmarkmiðunum. Hætt er við að tilraunir til að ná markmiðunum, t.d. í mennta- og heilbrigðismálum, án þess að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið að leiðarljósi hafi bæði aukinn kostnað í för með sér og dragi úr líkunum á að markmiðunum verði náð. Þúsaldarmarkmiðin munu liggja til grundvallar í starfi ÞSSÍ á næstu árum og mun stofnunin leggja sitt að mörkum til þess að markmiðunum verði náð í samstarfslöndum hennar. Áhersla ÞSSÍ á mennta- og heilbrigðismál, nýtingu náttúruauðlinda og uppbyggingu atvinnuvega í samstarfslöndunum fellur vel að þúsaldarmarkmiðunum en á næstu árum mun stofnunin laga sig enn frekar að viðurkenndum aðferðum hins alþjóðlega samfélags sem miða að því að ná markmiðunum. Þetta mun m.a. fela í sér aukna áherslu á kynjasjónarmið við undirbúning og framkvæmd verkefna á öllum verkefnasviðum stofnunarinnar með sérstakri áherslu á að jafna menntunartækifæri kynjanna og auka aðgang kvenna að heilbrigðisþjónustu og þekkingu, auk þess að leggja áherslu á að gæta hagsmuna beggja kynja í verkefnum tengdum nýtingu náttúruauðlinda (sjá frekari útfærslu í kafla 6).



5. Aðferðir í þróunarstarfi til eflingar jafnréttis

SAMBÆTTING: NÝ LEIÐ TIL JAFNRÉTTIS KYNJANNA

Sú þróun sem átt hefur sér stað í viðhorfi til jafnréttismála innan alþjóðlegrar samvinnu hefur mikilvæga þýðingu fyrir þær aðferðir og nálganir sem þróunarsamvinnustofnanir nota í framkvæmd þróunarverkefna. Sú aðferð sem notuð var á tímum WID sjónarhornisins; að nota sérstök „kvennaverkefni“ eða beina hluta þróunarverkefna að konum sérstaklega er ekki talin hafa borið tilætlaðan árangur. Ástæður þess liggja annars vegar í því að þessi „kvennahluti“ var yfirleitt óverulegur hluti þróunarverkefna og hins vegar í því að heildarmarkmið og aðgerðir verkefnanna tóku lítið mið af aðstæðum og þörfum kvenna á annan hátt. Áhersla WID sjónarhornisins á konur eingöngu þótti leiða til einangrunar á málefnum kvenna og sambandleysis við félagslegt samhengi þeirra og almenn þróunarmarkmið. Nú leggja þróunarsamvinnustofnanir aukna áherslu á gildi kynja-sjónarmiðs sem gengur út frá því að viðleitni til að jafna stöðu

kynjanna þurfi einnig að beinast að því hvernig kyntengd staða, hegðun og sjálfsmynd karla hefur áhrif á stöðu kvenna og möguleika þess að ná fram markmiðum tengdum jafnréttismálum í þróunarstarfi. Sú aðferð sem nú er oftast notuð til að ná fram jafnréttismarkmiðum þróunarstarfs byggist á *sambættingu* kynja- og jafnréttissjónarmiða og er markviss aðferð til að tryggja að tækifæri og ábati þróunarstarfsins nýtist körlum og konum á sem jafnastan hátt og að þarfir og hagsmundir beggja kynja endurspeglast í stefnum og aðgerðum þróunarsamvinnustofnana. Með þessari aðferð er kynferði gert að grundvallarforsendu við alla ákvarðanatöku og mótun nýrrar stefnu í þróunarstarfi.

Á næstu árum mun ÞSSÍ vinna að því að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið í stofnanastarfsemi sína og framkvæmd þróunarverkefna. Þetta starf mun byggja á fjórum frumforsendum: *Upplýsingaöflun* um stöðu kynjanna, vali starfsmanns sem hefur yfirmun sjón með og leiðbeinir um framkvæmd jafnréttisstefnunnar, *fræðslu* til starfsfólks og þróun *aðferða* til að ná fram jafnstöðu kynjanna¹⁹. ÞSSÍ mun leitast við að gera kynjajafnrétti að einum af útgangspunktum við stefnumótun og áætlanagerð. Þannig mun stofnunin reyna að tryggja að kynferði sé á skipulegan hátt tekið með í reikninginn og forðast að það verði jaðarmálefni.

Upplýsingaöflun

Til þess að hægt sé að flétta sjónarmið kynjajafnréttis inn í stefnumótun og starf stofnunarinnar í samstarfslöndunum er nauðsynlegt að vita hvernig ólík lífsafkoma kynjanna birtist í hverju landi fyrir sig og mun ÞSSÍ styðjast við samfélagslega kyngreiningu til þess að afla þeirrar þekkingar. Kyngreining felur í sér bæði kyngreindar tölfræðiupplýsingar og eigindlegar upplýsingar um hagi kvenna og karla og samspil kynjanna. Í samfélagslegri kyngreiningu við undirbúning þróunarverkefna er gjarnan gerður greinamunur á svokölluðum hagnýtum þörfum og kerfislægum þörfum kynjanna. Hagnýtar þarfir eru áþreifanlegar þarfir fólks sem tengjast daglegri lífsbaráttu þess, t.d. möguleikum til tekjuöflunar, aðgangi að heilsugæslu eða aðgangi að náttúrulegum auðlindum. Kerfislegar þarfir fólks eru félagslegar þarfir þeirra sem tengjast frumkvæðismætti þess, ákvarðanavaldi og almennri stöðu í samfélaginu. Konur og karlar hafa yfirleitt mismunandi (oft mjög mismunandi) hagnýtar og kerfislegar þarfir en nákvæm greining á þeim er frumforsenda þess að hægt sé að sníða áætlanir í þróunarstarfi að þörfum beggja kynja, eins og hugmyndafræði sambættingar gerir ráð fyrir.

Umsjón og ábyrgð á framkvæmd

Forsenda fyrir því að jafnréttisstefna ÞSSÍ skili árangri er að starfsmenn innan stofnunarinnar búi yfir þekkingu í jafnréttismálum og hafi umsjón með framkvæmd hennar. Nú þegar eru starfandi verkefnisstjórar í samstarfslöndum ÞSSÍ sem sinna jafnréttismálum eða stýra verkefnum sem ætlað er að bæta hag kvenna sérstaklega. Á næstu árum mun verða unnið í því að gera jafnréttisþáttinn í starfi þessara sérfræðinga markvissara og munu þeir í samstarfi við umdæmisstjóra leiðbeina öðru starfsfólki stofnunarinnar á því sviði. Þá mun einn starfsmaður á aðalskrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík hafa umsjón með jafnréttisstarfi stofnunarinnar og vinna með starfsfólki hennar að jafnréttismálum. Þessum starfsmanni mun verða gert kleift að sækja sér þekkingu og endurmenntun á sviði jafnréttismála, t.d. með því að sækja jafnréttisnámskeið sem utanríkisráðuneytið fyrirhugar að skipuleggja²⁰, og ber ábyrgð á því að miðla henni til annars starfsfólks stofnunarinnar. ÞSSÍ mun kappkosta að sem jafnast hlutfall karl- og kvenstarfsmanna komi að framkvæmd jafnréttisstefnunnar og með því leitast við að tryggja að hún endurspegli bæði hagsmuni kvenna og karla.

Fræðsla til starfsfólks

Með aukinni áherslu á kynja- og jafnréttissjónarmið í þróunarstarfi undanfarin ár hefur byggst upp vitneskja um stöðu og tengsl kynjanna og aðferðir sem hægt er að nota til að gera kynjajafnrétti að veruleika í mismunandi samfélögum. Mun stofnunin stefna að því marki að starfsfólk hennar öðlist ákveðna hæfni til að átta sig á ólíkum þörfum kynjanna og því hvernig þróunarverkefni á mismunandi sviðum geta mætt þörfum beggja kynja. ÞSSÍ lítur svo á að fræðsla um jafnréttismál, bæði til þeirra sem bera ábyrgð á stefnumótun (framkvæmdastjóri og stjórn) og þeirra sem framkvæma stefnuna (alls starfsfólks) sé forsenda þess að samþætting beri árangur.

Þróun aðferða

Árangur samþættingar byggist á því að þróaðar séu markvissar og árangursríkar aðferðir sem tryggja að tillit sé tekið til sjónarmiða og hagsmuna beggja kynja við ákvarðanatöku og framkvæmd í þróunarstarfi og að fjármunir sem þróunarsamvinnustofnanir leggja fram skiptist nokkuð jafnt milli kynjanna. Slíkar aðferðir eru þróaðar með ýmsum hætti en ÞSSÍ mun stefna að því að búnir verði til gátlistar um samþættingu jafnréttissjónarmiða sem starfsfólk getur notað við gerð og framkvæmd verkefnaáætlana (verkefnasamninga). Gátlistarnir munu leiðbeina

um hvernig verkefnin munu mæta hagnýtum og kerfislægum þörfum kvenna og karla á því sviði sem þau snerta og hvernig þau geti leitt til aukins jafnréttis kynjanna á viðkomandi sviði.

Nú þegar hefur aðferðafræði sem miðar að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í allt þróunarstarf verið tekin upp innan alþjóðlegra stofnana eins og OECD (DAC) og Evrópuráðsins og samþætting þessara sjónarmiða er nú einnig grundvallarstefna margra þróunarsamvinnustofnana, þar á meðal þeirra norrænu. Á Íslandi voru fyrstu skrefin í átt að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í alla opinbera starfsemi stigin í verkefnum sem unnin voru á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, og í núverandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er sjónarmið samþættingar lagt til grundvallar. Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir að stofnuð verði samráðsnefnd fulltrúa utanríkisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins sem vinna mun að tillögum um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að. Þá gerir framkvæmdaáætlunin einnig ráð fyrir að haldin verði jafnréttisnámskeið fyrir starfsfólk sem fer til starfa á vegum utanríkisráðuneytisins erlendis, þar á meðal í þróunarlöndunum. Í farvatninu er sérstök jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins sem taka mun mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins²¹.

Á næstu árum mun ÞSSÍ vinna markvisst að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í stefnumótun og starfsemi stofnunarinnar með þeirri nálgun sem lýst er hér að ofan. Sú vinna mun taka mið af íslenskum jafnréttislögum og framkvæmdaáætlun íslensku ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, einkum utanríkisráðuneytisins, en einnig áherslum í alþjóðlegu samstarfi þróunarsamvinnustofnana, alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka. Auk þessara viðmiða mun ÞSSÍ taka fullt tillit til forgangsatríða og stefnumörkunar á sviði jafnréttismála í samstarfslöndum sínum.

ÞÁTTTÖKUNÁLGUN Í ÞRÓUNARSTARFI

Á undanförunum árum hafa alþjóðlegar þróunarsamvinnustofnanir, frjáls félagasamtök, og ríkisstjórnir í auknum mæli tileinkað sér hugmynda- og aðferðafræði þátttökuþróunar við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna. Ýmsar aðferðir eru nú notaðar við þátttökuþróun en grunnhugmynd þeirra allra er að gera þeim sem eiga að njóta góðs af þróunarverkefnum (oftast fátæku og valdalitlu fólki) kleift að taka virkan þátt í ákvarðanatöku, undirbúningi og framkvæmd þróunarverkefna. Þátttöku-



Þróun er ætlað að hafa jákvæð áhrif á frumkvæðisrétt þeirra einstaklinga og samfélaga sem taka þátt í henni, auka áhuga þeirra á framkvæmdinni og stuðla þannig að árangursríkri þróun. Aðferðir þátttökuþróunar eru nú almennt taldar sjálfsgæður hluti árangursríks þróunarstarfs.

Þótt megingiltgangur þátttökuþróunar sé að auka þátttöku og vald fátæks fólks í þróunarferlinu, ekki síst þeirra sem verst eru staddir, hefur reynslan sýnt að þróunarverkefni eða stefna sem byggir á hugmyndafræði þátttökuþróunar stuðlar ekki sjálfkrafa að auknu kynjajafnrétti²². Vegna mun minna félags- og efnahagslegs valds kvenna en karla í flestum samfélögum er nauðsynlegt að huga sérstaklega að þátttöku kvenna til að tryggja að bæði kynin taki þátt í og njóti góðs af þróunarverkefnum. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að munur meðal kvenna annars vegar og karla hins vegar, sem byggist m.a. á aldri og stéttarstöðu, hefur einnig áhrif á getu fólks til að nýta sér þau tækifæri sem þróunarverkefni kunna að bjóða upp á.

Á undanföllum árum hefur ÞSSÍ byrjað að nýta sér aðferðafræði þátttökuþróunar í sumum verkefna sinna. Næstu árin mun stofnunin fylgjast með nýjungum á því sviði og nýta sér þær sem falla að stefnu og vinnureglum hennar. Við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna ÞSSÍ sem byggja að hluta eða öllu

leyti á þátttökunálgun munu eftirfarandi atriði vera höfð í huga til að tryggja sem jafnasta þátttöku mismunandi félagshópa í verkefninu²³:

- **Margbreytni:** Í öllum samfélögum, jafnvel smæstu þorpum, búa mismunandi félagshópar sem hafa ólíkar skoðanir og þarfir. Það er því ekki sjálfgefið, og raunar afar ólíklegt, að almennt samkomulag sé til staðar um hver markmið þróunarverkefnis ættu að vera og hvaða leiðir séu bestar til að ná þeim. Ólíkir félagshópar eru líklegir til að hafa mismunandi forgangsörð og hugmyndir um það hvar þörfin fyrir þróunarverkefni er mest og hversu mikið þarf að taka á valdatengslum, t.d. ójafnri valdastöðu kynjanna eða annarri félagslegri mismunun, til þess að ná markmiðum verkefnisins. Ný verkefni ÞSSÍ munu byggja á samfélagslegri greiningu, sem felur m.a. í sér greiningu á hlutverkum, stöðu og tengslum kynjanna. Með því mun ÞSSÍ leitast við að byggja upp meiri þekkingu á þeim samfélögum sem stofnunin vinnur í og auka þannig líkurnar á því að þróunarverkefni hennar byggi á þátttöku og mæti þörfum ólíkra félagshópa, ekki síst þeirra sem verst eru staddir og hafa minnstan frumkvæðisrétt. Aukin þekking á því félagslega umhverfi sem ÞSSÍ vinnur í mun einnig auka líkurnar á því að hægt verði að finna leiðir til að takast á uppbyggilegan hátt á við hindranir og mótstöðu gegn jafnrétti kynjanna með þróunarstarfi stofnunarinnar.
- **Tími og kostnaður:** Kostir við þátttöku í þróunarverkefni eru ekki alltaf fleiri en ókostirnir. Þátttaka kostar fólk tíma og áreynslu og oft er það svo að því verr sem fólk er sett efnahagslega og því lægra sem það er sett í samfélaginu því kostnaðarsamara er þátttakan fyrir það. Fátækt fólk hefur oft lítinn frítíma aflögu og hagar af þátttöku í þróunarverkefni er ekki alltaf tafarlaus eða augljós. Þetta á ekki síst við um konur sem, auk þess að afla heimilunum tekna, bera víðast hvar nær alla ábyrgð á daglegri umhirðu heimila og umönnun barna. Við undirbúning þátttökuverkefna á vegum ÞSSÍ mun þetta atriði verða haft í huga og reynt verður að finna leiðir til að auðvelda fólki þátttöku. Dæmi um sérstakar aðgerðir sem geta auðveldað konum þátttöku í þróunarverkefni er að bjóða upp á barnagæslu.
- **Valddreifing:** Ef þátttökupróun á að standa undir nafni þarf meðvitað að færa a.m.k. hluta af ákvarðanavaldi innan þróunarverkefnis frá þróunarsamvinnustofnuninni sem fjármagnar verkefnið og opinberum stofnunum samstarfslandanna yfir á þá hópa fólks sem verkefnið hefur áhrif á. Að spyrja ólíka hagsmunahópa hvað þeir vilji eða hvaða áherslu þeir vilja sjá í tilteknu þróunarverkefni er til lítils gagns ef þeim er ekki líka gefið vald til að hafa einhver áhrif á ákvarðanatöku á meðan á framkvæmd verkefnisins stendur. Þetta atriði hefur af ýmsum ástæðum reynst þróunarsamvinnustofnunum afar flókið í framkvæmd, m.a. vegna ósveigjanleika

innan stofnananna sjálfra og þeirra stigvelda sem fyrir eru í samstarfslöndunum. ÞSSÍ mun fylgjast náið með umræðum um þessa hlið þátttökuþróunar næstu árin og leggja áherslu á að nýta sér reynslu annarra þróunarsamvinnustofnanna og félagssamtaka varðandi aðferðir sem skilað hafa árangri.

- **Þjálfun og sveigjanleiki:** Þátttökuþróunarverkefni eru flókin og mikilvægt er að það starfsfólk ÞSSÍ og/eða samstarfsaðilar sem sinna framkvæmd slíkra verkefna fái einhverja þjálfun í aðferðafræði þátttökuþróunar, m.a. að byggja upp almennt samkomulag á milli ólíkra hagsmunahópa. Töluverð reynsla er komin á framkvæmd þátttökuþróunarverkefna í samstarfslöndum ÞSSÍ og væri því viðeigandi að fá innlenda sérfræðinga á þessu sviði til að halda stutt námskeið í aðferðafræði þátttökuþróunar fyrir viðkomandi starfsfólk og gætu slík námskeið verið liður í undirbúningi verkefna. Þá þarf einnig að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika (þar á meðal fjárhagslegum) í verkefnaáætlunum til þess að hægt sé að mæta þeim óvæntu þörfum sem þátttökuþróunarferlið getur haft í för með sér.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir takmörkunum þátttökuþróunar. Þrátt fyrir að þátttökuþróunarverkefni byggji á þeirri hugmyndafræði að það fólk sem á að njóta góðs af verkefninu ákvarði einnig undirbúning og framkvæmd þess að mestu leyti, hafa rannsóknir sýnt að það eru í raun hinir utanaðkomandi aðilar (þróunarsamvinnustofnanir, alþjóðlegar stofnanir eða ríkisstjórnir) sem oftast eiga frumkvæðið að þátttökuþróunarverkefnum, ákveða hvað á að fjármagna og á hvað á að leggja áherslu. Þátttökuþróun er ekki töfralausn og sjálfkrafa stuðlar sú nálgun hvorki að kynjajafnrétti né þátttöku þeirra sem verst eru settir í samfélaginu. Þátttökuþróun er hins vegar ein leið sem hægt er að prófa sig áfram með í viðleitni til að auka árangur þróunarverkefna. Þátttökuþróunarverkefni þarf að undirbúa vel og grundvallaratriði er að þau byggji á jafnréttissjónarmiði.



6. Jafnréttismál og verkefnasvið ÞSSÍ

MENNTA- OG FÉLAGSMÁL

Framkvæmdaáætlunin *Menntun fyrir alla* sem samþykkt var á Dakar menntunarráðstefnunni árið 2000 leggur ríka áherslu á tengsl aukinnar menntunar og minnkandi fátæktar í heiminum²⁴. Þúsaldarmarkmiðin taka undir þetta sjónarmið og leggja áherslu á eflingu grunnmenntunar sem mikilvægan lið í baráttunni gegn fátækt²⁵. Báðar þessar samþykktir gera kynjajafnrétti í menntamálum að forgangsmátriði bæði sem siðferðislegt réttlætismál og sem tæknilega forsendu fyrir árangri.

Hugsjónin um *Menntun fyrir alla* var fyrst sett fram í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna árið 1948 og hefur verið staðfest í mörgum alþjóðlegum sáttmálum síðan. Oft hefur verið sýnt fram á að almenn menntun stuðli beint að efnahagslegum og félagslegum framförum og samkvæmt nýlegum útreikningum UNESCO stuðlar aukið kynjajafnrétti í menntun m.a. að

aukinni framleiðslu og hagvexti, minnkandi fólksfjölgun og aukinni velferð barna²⁶. Þó mörgum þjóðum hafi reynst erfitt að auka kynjajafnrétti í menntum hefur á undanförunum árum víða þokast í rétta átt. Aðgengi stúlkna og kvenna að menntun er engu að síður ennþá mun minna en drengja og karla í flestum þróunarlöndum og víða ljúka stúlkur síður grunnskólanámi en drengir. Verst er ástandið að þessu leyti í fátækustu löndum Afríku þar sem hlutfall stúlkna sem ljúka ekki grunn- og framhaldsskóla hefur hækkað undanfarin ár. Þá er hlutfall kvenna á háskólastigi einnig mun lægra í flestum Afríkuríkjum en víða annars staðar í heiminum²⁷. Með þúsaldarmarkmiðunum skuldbundu aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna sig til þess að vinna að því að tryggja *kynjajafnvægi* í grunnskólum fyrir árið 2015 auk þess að tryggja *kynjajafnrétti* í grunn- og framhaldsskólum fyrir árið 2005 og á öllum skólastigum fyrir 2015.

ÞSSÍ litur svo á að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í þróunarverkefnum á sviði mennta- og fræðslumála sé nauðsynlegur liður í að ná menntunarmarkmiðum þúsaldarmarkmiðanna og Dakar áætlunarinnar. Í stuðningi sínum við grunnskólamenntun í samstarfslöndunum hefur ÞSSÍ unnið að því að auka skólagöngu bæði stúlkna og drengja með bættum aðbúnaði í skólum og leitast sérstaklega við að auka hlutfall stúlkna með stuðningi við sérstök námskeið sem ætlað er að vekja kennara og foreldra til vitundar um mikilvægi þess að mennta stúlkur jafnt sem drengi. Þá hefur stofnunin einnig séð um úthlutun skólastyrkja til stúlkna í framhaldsskólum fyrir hönd íslenskra félagasamtaka og í vissum verkefnum stofnunarinnar á háskólastigi hefur verið reynt að stuðla að auknu hlutfalli kvenna með sérstökum styrkjum til kvennemenda. Megináhersla stofnunarinnar í mennta- og fræðslumálum undanfarin ár hefur hins vegar verið á fullorðinsfræðslu og mun sú áhersla haldast óbreytt næstu árin. Eitt af sex markmiðum Dakar framkvæmdaáætlunarinnar er að minnka ólæsi meðal fullorðinna í heiminum um 50% fyrir árið 2015 og þó læsi fullorðinna sé ekki eitt af þúsaldarmarkmiðunum er það álitnið mikilvægur liður í að ná þeim, m.a. vegna þeirrar trúar að aukin grunntenntun foreldra sé mikilvægur liður í að tryggja skólagöngu barna. Áhugi hins alþjóðlega samfélags fyrir fullorðinsfræðslu hefur aukist mikið á undanförunum árum og hafa verið þróaðar nýjar aðferðir sem gjarnan tengja hina eiginlegu lestrar- og skriftarkennslu við aðrar efnahagslegar eða félagslegar umbætur í lífi fólks. Ljóst er að samþætting jafnréttissjónarmiða er nauðsynlegur liður í að ná markmiðum um aukið læsi fullorðinna en nýlegar tölur áætla að af þeim 900 milljónum fullorðins

fólks sem ólæst er í heiminum séu 600 milljónir konur²⁸.

Þróun raunhæfra leiða til að vinna gegn kynjamismunun í skóla- og menntamálum byggist á þekkingu á kynjamismun á öðrum sviðum samfélagsins og á menningarbundnum hugmyndum um stöðu og hlutverk kynjanna. Þannig er t.d. mikilvægt að tengja þróunarverkefni grunnorsökum þess að stúlkur sækja síður skóla en drengir, byggja inn í áætlanir þróunarverkefna á háskólastigi atriði sem hvetja konur sérstaklega til að sækja námið og tengja fullorðinsfræðsluverkefni sérstaklega við þarfir kvenna en um leið hvetja til þátttöku og stuðnings karla. Til þess að ná þessum markmiðum mun ÞSSÍ m.a. huga að eftirfarandi atriðum við undirbúning þróunarverkefna innan menntageirans:

- **Upplýsingaöflun:** Stuðla skal að könnunum og uppbyggingu gagnabanka með kyngreindum upplýsingum um menntamál, ólíkar þarfir kynjanna og getu þeirra til að nýta sér tækifæri til menntunar. Þar sem slíkar upplýsingar eru til þarf að safna þeim saman og nota sem grundvöll fyrir undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna stofnunarinnar.
- **Tengsl við félagslegan veruleika:** Nauðsynlegt er að átta sig á gagnkvæmum tengslum kynbundinnar mismununar í samfélaginu í heild og mismunandi stöðu kynjanna innan skólakerfisins. Þróunarverkefni á mennta- og fræðsluviði þurfa að taka á birtingarmyndum og afleiðingum félags- og efnahagslegrar mismununar og skal byggja inn í verkáætlanir ákvæði sem taka tillit til mismunandi þarfa kynjanna og stuðla að jöfnu aðgengi, tækifærum og aðbúnaði þeirra í námi og verklegri þjálfun.
- **Þjálfun og tækifæri:** Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla í störfum á þeim sviðum mennta- eða fræðslumála sem þróunarverkefnin beinast að, hvort sem það eru störf sem tengjast stefnumörkun, stjórnun, kennslu innan formlegs skólakerfis eða óformlegri leiðbeiningu á fullorðinsfræðslunámskeiðum. Æskilegt er að bjóða fólki í þessum störfum þjálfun sem stuðlar að þátttöku þess í að draga úr kynjamismun í skólakerfinu og í menntamálum almennt. Í þróunarverkefnum sem beinast að háskólastigi og öðrum verkefnum sem bjóða upp á verklega eða óformlega þjálfun skal leitast við að jafna hlutfall karl- og kvennemenda. Þar sem annað kynið er í afgerandi minnihluta skal gera sérstakt átak til að auka þátttöku þess.
- **Kynbundnar þarfir:** Taka þarf tillit til kynbundinna þarfa í uppbyggingu skólastarfsins og kennsluumhverfis. Mikilvægt er að koma til móts við þarfir og tryggja öryggi og vellíðan bæði stúlkna og drengja, sem og kven- og karlkennara.

- **Þátttaka:** Við undirbúning og framkvæmd verkefna skal reynt að vinna með hópum sem í eru bæði konur og karlar. Hvetja skal til þátttöku kvenna í opinberum framkvæmdanefndum en tryggja einnig að karlkennarar, feður og þorpsleiðtogar taki þátt í starfi sem á að stuðla að því að jafna hlutfall stúlkna og drengja í skólum, bæta aðstæður og breyta hugarfari þannig að kynin hafi jafna möguleika til að sækja skóla og standa sig vel í námi.
- **Jafnvægi:** Þar sem áhersla er lögð á samfélagsþátttöku í þróunarverkefnum á sviði menntunar þarf að stuðla að því að konur og karlar leggi til sem jafnast vinnuframlag, beri sem jafnasta ábyrgð og taki sem jafnast þátt í ákvarðanatöku.

Stuðningur við mennta- og fræðslumál er ein af megináherslum Íslendinga í tvíhliða þróunaraðstoð. Í öllum samstarfslöndum ÞS- Sí er kynjaójafnvægi og kynbundin mismunun mikil á öllum stigum menntakerfisins og ólæsi mun útbreiddara á meðal kvenna en karla. Á næstu árum mun stofnunin leitast við að gera jafnréttisstarf sitt á sviði menntunar og fræðslumála skipulagðara og markvissara með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í öll verkefni sín. Mikilvægur liður í undirbúningi þróunarverkefna ÞSSÍ á þessu sviði verða samfélagsgreiningar þar sem m.a. verður leitast við að greina hvernig kynjamismunun samfélagsins í heild tengist mismunandi menntun kvenna og karla og stöðu, líðan og árangri beggja kynja innan skólakerfisins. Verkefnaáætlanir og áherslur verkefnanna munu byggja á þessum greiningum og leitað verður leiða til að jafna þátttöku og árangur kynjanna bæði á mismunandi stigum skólakerfisins og í almennari fræðslustarfsemi.

Úttektir á mennta- og fræðsluverkefnum ÞSSÍ skulu m.a. meta hversu vel hefur tekist að framfylgja jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

HEILBRIGÐISMÁL

Í mörgum samfélögum eru konur áberandi sem notendur heilbrigðisþjónustu og sem vinnuafli í umönnunarstörfum, bæði innan heimilanna og á heilbrigðisstofnunum. Sú heilbrigðisþjónusta sem er í boði fyrir konur er þó jafnan tengd hlutverki þeirra að ala af sér og sjá um ungabörn en ekki þeim sjálfum sem einstaklingum. Læknisfræðilegar rannsóknir hafa til þessa oft litið framhjá kynbundnum mismun í tengslum við orsakir og meðferð sjúkdóma og vanrækt sérstök heilbrigðisvandamál kvenna²⁹. Konur sjá jafnan um ólaunuð umönnunarstörf innan heimilanna og innan heilbrigðisgeirans eru flestar konur í þjónustustörfum en ekki í stjórnunarstöðum. Það er því ljóst að kynbundin mis-



munun samfélagsins í heild hefur áhrif á heilbrigðissviðinu eins og öðrum sviðum samfélagsins.

Há tíðni mæðradauða í mörgum fátækum löndum heimsins, sem sum staðar fer vaxandi, gefur til kynna að mörgu sé ábata- vant í þeirri heilbrigðisþjónustu sem þar stendur konum til boða en slíkt ástand tengist einnig kynbundinni félagsstöðu kvenna í samfélaginu. Takmarkað ákvörðunarvald kvenna í sambandi þeirra við karlmenn, ýmsir menningarbundnir siðir, meiri fátækt- arbyrði kvenna og forgangur karla og drengja að matarbirgðum heimilanna í sumum löndum eru dæmi um menningarlega og félagslega þætti sem valda því að konur hafa við fleiri heilbrigð- isvandamál að glíma en karlar víða í heiminum. Þá hefur kyn- bundin staða einnig áhrif á aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Lægri félagsleg og efnahagsleg staða kvenna og stúlkna, vinnu- álag kvenna og menningarbundin höft á ferðafrelsi þeirra hafa víða þau áhrif að hindra aðgengi kvenna og stúlkna að heil- brigðisþjónustu. Lausnir á heilbrigðisvandamálum þurfa að end- urspegla þennan veruleika.

ÞSSÍ mun stefna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þróunarverkefni sínum á heilbrigðissviði og mun hún byggja á tveimur megináherslum: að átta sig á þeim áhrifum sem kyn-

bundin mismunun og valdaójafnvægi hefur á heilsu og hegðun beggja kynja og aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu, og að huga sérstaklega að kynbundnum þörfum kvenna á heilbrigðisþjónustu sem mótast bæði af líffræðilegu hlutverki þeirra og félags- og menningarlegri stöðu þeirra. Mikilvægt markmið með stuðningi ÞSSÍ við heilbrigðismál samstarfslandanna er að stuðla að því að heilbrigðisþjónustan lagi sig að þörfum kvenna ekki síður en karla og taka á þeim málefnum sem valda verra heilbrigðisástandi meðal kvenna en karla. Þá mun stofnunin í framtíðinni einnig huga að bættri faglegri stöðu kvenna á heilbrigðisviði, bæði á opinberum heilbrigðisstofnunum og í samfélaginu sjálfu en jafnari þátttaka kvenna og karla í stefnumörkun, stjórnun og ákvörðunum í heilbrigðisgeiranum er líkleg til að stuðla að jafnari áherslu á þarfir og væntingar beggja kynja. Til þess að vinna að kynjajafnrétti innan heilbrigðisgeirans mun ÞSSÍ m.a. huga að eftirfarandi atriðum við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna á þessu sviði³⁰:

- **Upplýsingaöflun:** Stuðla skal að könnunum og uppbyggingu gagnabanka með kyngreindum upplýsingum um heilbrigðisástand, þarfir beggja kynja og notkun þeirra á heilbrigðisþjónustu. Þar sem slíkar upplýsingar eru til þarf að safna þeim saman og nota sem grundvöll fyrir undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna stofnunarinnar.
- **Tengsl við félagslegan veruleika:** Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir að kynbundin mismunun stuðlar að heilsuvandámum hjá konum alls staðar í heiminum, ekki síst í fátækustu löndunum. Virk heilbrigðisþjónusta þarf að taka á birtingarmyndum og afleiðingum þessa félagslega veruleika og stuðla sérstaklega að auknum frumkvæðismætti kvenna. Í verkefnum ÞSSÍ verður leitast við að taka tillit til tengsla heilbrigðisvandamála við félagslegan veruleika strax við undirbúning verkefnanna svo áhersla og forgangsröð verkefnanna geti tekið mið af þeim veruleika.
- **Þjálfun:** Mikilvægt er að fólk sem starfar við heilbrigðisþjónustu, hvort sem það er við stefnumótun eða heilsugæslu, geri sér grein fyrir þeim kynjamismun sem til staðar er í heilbrigðismálum og heilsugæsluþjónustu í samfélaginu. Mikilvægur liður í heilsugæsluverkefnum ÞSSÍ í framtíðinni verður að bjóða þjálfun sem stuðlar að þátttöku heilbrigðisstarfsfólks í að draga úr þeim mismun.
- **Kynbundin þjónusta:** Stuðla skal að því að sníða heilbrigðisþjónustu að kynbundnum heilsuvandámum og kynjamismun í aðgengi að þeirri þjónustu. Taka þarf á heilsuvandámum kvenna í heild sinni en ekki bara þeim sem tengjast meðgöngu og umönnun barna.

- **Pátttaka karla:** Tryggja þarf að upplýsingar og starfsemi sem varða barneignir, heilbrigði barna, öruggt kynlíf og kynsjúkdóma sé beint að körlum ekki síður en konum. Mikilvægt er að leggja jafna áherslu á réttindi og ábyrgð beggja kynja í sambandi við þessi málefni.
- **Pátttaka kvenna:** Viðurkenna þarf framlag kvenna til launaðra og ólaunaðra umönnunarstarfa í samfélaginu með því að stuðla að aukinni þátttöku þeirra í stefnumörkun og stjórnunarstörfum á sviði heilbrigðismála á mismunandi stigum samfélagsins.
- **Jafnvægi:** Ef áhersla er á samfélagsþátttöku í þróunarverkefnum stofnunarinnar á heilbrigðissviði þarf að stuðla að því að konur og karlar leggi til sem jafnast vinnuframlag, beri sem jafnasta ábyrgð og taki sem jafnast þátt í ákvarðanatöku.

Þrjú af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna tengjast heilbrigðismálum og stuðningur við heilbrigðismál er ein af megináherslum Íslendinga í tvíhliða þróunaraðstoð. Á næstu árum mun stofnunin leitast við að gera jafnréttisstarf sitt á sviði heilbrigðismála skipulagðara og markvissara með því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í öll verkefni sín. Mikilvægur liður í undirbúningi þróunarverkefna ÞSSÍ á þessu sviði verða samfélagsgreiningar þar sem m.a. verður leitast við að greina hvernig félags- og menningarlegir þættir hafa áhrif á heilbrigði kvenna og karla í því samfélagi sem framkvæma á verkefnið, auk þess að greina hugsanlegan kynjamun í aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Verkefnaáætlanir og ákvarðanir um áherslur í verkefnum munu byggja á þessum greiningum og leitast við að jafna stöðu kynjanna innan heilbrigðisgeirans, jafna aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu og stuðla að auknum frumkvæðismætti kvenna þar sem þessu er ábótavant og þær eiga við fleiri heilsvandamál að stríða en karlar.

Úttektir á verkefnum ÞSSÍ á sviði heilbrigðismála skulu m.a. meta hversu vel hefur tekist að framfylgja jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

STUÐNINGUR VIÐ ATVINNUVEGI: FISKIMÁL

Alþjóðlegar stofnanir og þróunarsamvinnustofnanir hafa löngum lagt megináherslu á fiskveiðar í stuðningi sínum við fiskimál í samstarfslöndum sínum og gjarnan er litið á þau mál sem svið karla. Í flestum samfélögum, ekki síst óiðnvæddum samfélögum, taka konur hins vegar yfirleitt þátt í eða sjá að mestu um landbundin störf fiskigeirans – meðhöndlun veiðarfæra og beitu, eða löndun, vinnslu og markaðssetningu á fiski – og gefur sú

hugmynd að fiskigeirinn sé svið karla því afar villandi mynd af aðstæðum þessara samfélaga.

Áhersla á fiskveiðarnar í þróunarverkefnum og sú takmarkaða athygli sem lengi vel beindist að störfum kvenna innan fiskigeirans hefur átt sinn þátt í þeirri þróun að konur hafa sum staðar misst hlutverk sín innan geirans eða átt erfiðara með þátttöku. Þetta hefur einkum gerst þegar kerfislægar breytingar hafa átt sér stað í átt til iðnvæðingar, sem oftast er stefnt að í þróunarverkefnum á þessu sviði. Ef hins vegar aukið jafnrétti er forsenda fyrir minnkandi fátækt og baráttan gegn fátækt er meginmarkmið þróunarstarfs liggur í augum uppi að afar mikilvægt er að reynt sé að undirbúa og hanna þróunarverkefni innan fiskigeirans á þann hátt að bæði kynin fái tækifæri til að nýta sér nýja möguleika. Þetta þarf ekki síst að hafa í huga þegar kerfislægar breytingar eiga sér stað og hefðbundin hlutverk raskast. Þegar um stuðning við óiðnvædd fiskisamfélög er að ræða er einnig mikilvægt að þróunarverkefni taki mið af velferð fiskisamfélaga í heild og leggi t.d. jafna áherslu á að þróa fiskveiðar og markaðssetja ódýrar fisktegundir sem fátækir íbúar þeirra hafa efni á að neyta eins og á fisktegundir sem framleiddar eru fyrir stærri markaði eða útflutning.

Það er markmið ÞSSÍ að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í auknum mæli í þróunarverkefni sín á sviði fiskimála næstu árin og vinna þannig markvissara að því að draga úr fátækt í samstarfslöndunum. Til þess að ná þessu markmiði munu eftirfarandi atriði m.a. að vera höfð í huga í þróunarverkefnum stofnunarinnar á sviði fiskimála³¹:

- **Upplýsingaöflun:** Tryggja skal að skipulag verkefna og framkvæmdaáætlanir þeirra byggji á fullnægjandi hátt á upplýsingum um kynbundna verkaskiptingu innan fiskigeirans. Mikilvægt er að upplýsingar um þátttöku mismunandi félagshópa í fiskiðnaðinum byggji á raunverulegum aðstæðum en ekki eingöngu á vitnisburði fólks. Slíkar upplýsingar geta dregið úr hættunni á að vissir hópar eða starfsstéttir innan geirans missi hlutverk sín og tekjulindir, eða standi verr að vígi gagnvart öðrum hópum, þegar kerfislægar breytingar eiga sér stað.
- **Kynning:** Þegar kynning á verkefnum eða tækifærum tengdum verkefnum fer fram innan þeirra samfélaga þar sem framkvæma á þróunarverkefni skal leggja áherslu á að ná til bæði karla og kvenna. Varast skal að túlka erfiðleika kvenna til þátttöku í opinberum fundum sem áhugaleysi gagnvart þátttöku í þróunarverkefnum.

- **Þátttaka:** Við undirbúning og framkvæmd verkefna skal reynt að vinna með hópa sem í eru bæði konur og karlar. Víða eru hindranir fyrir þátttöku kvenna í opinberu lífi sem gjarnan orsakast af hlutverkum þeirra innan fjölskyldunnar og heimilanna. Ef hefð er fyrir því að opinberar nefndir útiloki að mestu þátttöku kvenna í því samfélagi þar sem framkvæma á þróunarverkefni skal reynt að hvetja til aukinnar þátttöku þeirra ef mögulegt er eða vinna með samfélagseiningum sem konur taka þátt í, t.d. kvennasamtökum kirkjudeilda. Mjög mikilvægt er að vinna beint með konum jafnt sem körlum og gera ekki ráð fyrir að karlleiðtogar samfélagsins komi á framfæri hagsmunum og sjónarmiðum kvenna eða valdalífilla karla.
- **Tækifæri:** Gefa skal bæði körlum og konum tækifæri til aukinnar þjálfunar á því sviði sem þau sérhæfa sig í innan fiskigeirans. Í stuðningi við iðnvæddan hluta fiskigeirans skal leggja áherslu á að gefa konum tækifæri til þjálfunar á því sviði sem viðkomandi verkefni beinist að og stuðla þannig að aukinni þátttöku þeirra á þessu sviði.
- **Aðgengi:** Tryggja skal að lánsfjármagn, ef um það er að ræða, standi konum jafnt sem körlum til boða.
- **Árangur:** Varast skal að nota eingöngu beinar meðaltekjur heimila til að mæla þann ábata sem samfélagið í heild hefur að þróunarverkefninu. Víða hafa konur og karlar mjög aðskildum skyldum að gegna við rekstur heimilanna og hafa rannsóknir t.d. sýnt að víða í Afríku eru menningarlegar ástæður fyrir því að tekjur kvenna nýttast betur til velferðar heimilanna heldur en tekjur karla. Í þeim tilfellum þýða auknar tekjur karla því ekki endilega aukna velferð heimilanna.
- **Jafnvægi:** Varast skal að auka ábyrgð og vinnuálag fólks án sambærilegrar aukningar á tekjum þess og ákvarðanavaldi. Reynslan hefur sýnt að þróunarverkefni hafa tilhneingingu til að auka vinnuálag kvenna án verulegs ábata fyrir þær eða tekjuaukningu.
- **Þátttaka karla:** Í verkefnum sem snúa aðallega að málefnum sem hefð er fyrir að tengist störfum kvenna, t.d. næringarmálum eða öðrum sambærilegum samfélagsmálefnum, skal reynt að tryggja jafna þátttöku bæði karla og kvenna. Vinna með konum eingöngu getur leitt til einangrunar verkefnisins frá öðrum stofnunum samfélagsins og skorts á lögmæti þess meðal annarra hópa samfélagsins.

Yfirmarkmið þúsaldarmarkmiðanna er að efla baráttuna gegn fátækt en ein af forsendum þess að draga megi úr fátækt er uppbygging efnahagslífsins og atvinnuveganna í fátækustu löndum heimsins. ÞSSÍ hefur lengi lagt áherslu á stuðning við



fiskimál í samstarfslöndum sínum og leitast þannig við að efla atvinnu- og efnahagslíf þeirra. Stuðningur stofnunarinnar á þessu sviði hefur aðallega beinst að iðnvæddum hluta fiskigeirans en á næstu árum mun stofnunin einnig athuga möguleika til þess að styðja hópa innan óiðnvæðra fiskveiðisamfélaga samstarfslandanna. Lögð verður áhersla á félagslega greiningu í undirbúningi allra verkefna á þessu sviði, sem m.a. felur í sér greiningu á kynbundinni verkaskiptingu innan fiskigeirans og kynbundnum félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum hindrunum gegn þátttöku í störfum innan hans. Verkefnaáætlanir og ákvarðanir um áherslur í verkefnum munu byggja á þessum greiningum og verður reynt að hvetja til jafnar þátttöku karla og kvenna.

Úttektir á fiskimálaverkefnum ÞSSÍ og öðrum verkefnum sem tengjast stuðningi við atvinnuvegi samstarfslandanna, efnahagslíf eða nýtingu náttúruauðlinda skulu m.a. meta hversu vel hefur tekist að framfylgja jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

7. Endurskoðun jafnréttisstefnu

Jafnréttisstefnu ÞSSÍ skal endurskoða reglulega skv. ákvörðun stjórnar ÞSSÍ þar um. Gert er ráð fyrir að endurskoðunin taki m.a. mið af könnun á árangri stefnunarinnar.

Neðanmálgreinar

- ¹ UNDP 2004. *Human Development Report 2003*; World Bank. 2003. *Gender Equality & The Millennium Development Goals*.
- ² World Bank. 2001. *Engendering Development – Through Gender Equality in Rights, Resource and Voice*.
- ³ UNDP 1996 *Human Development Report 1995* og UNDP 2004 *Human Development Report 2003*. Sjá einnig *World Bank 2003 Gender Equality & The Millennium Development Goals*.
- ⁴ *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000*.
- ⁵ *Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna* lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002 og aftur á 130. löggjafarþingi 2003-2004.
- ⁶ *Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands nr. 43, 26. maí 1981*.
- ⁷ *Stefna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í þróunarmálum frá árinu 2004*.
- ⁸ United Nations Committee on the Elimination of Discrimination against Women 1998. *Consideration of reports submitted by states parties under article 18 of the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women. Third and fourth periodic reports of States parties: Iceland*. CEDAW/C/ICE/3-4.
- ⁹ United Nations 2000. *United Nations Millennium Declaration*.
- ¹⁰ Ári eftir samþykkt þúsaldaryfirlýsingarinnar lagði framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, fram svokölluð þúsaldarmarkmið sem byggja á skuldbindingum þúsaldaryfirlýsingarinnar og fela í sér áþreifanlega og mælanlega framkvæmdaráætlun til þess að draga úr fátækt í heiminum.

- ¹¹ Má t.d. nefna alþjóðlegu mannfjöldaráðstefnuna í Kairó árið 1994, félagsmálaráðstefnuna í Kaupmannahöfn 1995 og leiðtogaráðstefnuna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002.
- ¹² DAC er nefnd á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem hefur það meginhlutverk að stuðla að auknu framlagi aðildarþjóða OECD til þróunarmála.
- ¹³ OECD 1998. *DAC Source Book on Concepts and Approaches Linked to Gender Equality*.
- ¹⁴ World Bank 2003 *Gender Equality & The Millennium Development Goals*.
- ¹⁵ Greig, Kimmel og Lang 2000 *Men, Masculinities & Development*.
- ¹⁶ Sjá frekari útfæringu á tengslum þúsaldarmarkmiðanna og jafnréttis í World Bank 2003 *Gender Equality & The Millennium Development Goals*.
- ¹⁷ World Bank 2003 *Gender Equality & The Millennium Development Goals*, bls. 11. Heimildum ber þó ekki alltaf saman um nákvæmar tölur.
- ¹⁸ UNDP 2004. *Human Development Report 2003*.
- ¹⁹ Hér er stuðst við leiðbeiningar frá Jafnréttisstofu, sjá Jafnréttisstofa 2001 *Samþætting - Ný leið til jafnréttis kynjanna*.
- ²⁰ *Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna* lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002 og aftur á 130. löggjafarþingi 2003-2004.
- ²¹ *Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna* lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002 og skýrsla um framlengingu á sömu framkvæmdaáætlun lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004.
- ²² World Bank 1995. *World Bank Participation Sourcebook*.
- ²³ Þessi punktar byggja m.a. á: OECD 1998. *DAC Sourcebook of Concepts and Approaches Linked to Gender Equality*; Mayoux 1995. *Beyond Naivety: Women, Gender Inequality and Participatory Development* og Cornwall 1998. *Gender, Participation and the Politics of Difference*
- ²⁴ UNESCO 2000. *Dakar Framework for Action*.
- ²⁵ United Nations 2000 *United Nations Millennium Declaration*.
- ²⁶ UNESCO 2003 *Gender and Education for All*.
- ²⁷ UNESCO 2003 *Gender and Education for All* og UNICEF 2003 *The State of the World's Children*.
- ²⁸ Heimildum ber ekki saman um nákvæma tölu, sjá UNESCO 2003 *Gender and Education for All* og Abadzi 2003 *Adult Literacy: A Review of Implementation Experience*.
- ²⁹ Emily Martin 2001 *The Woman in the Body: A Cultural Analysis of Reproduction*.
- ³⁰ Hér er stuðst við Sida 1997. *Handbook for Mainstreaming: A Gender Perspective in the Health Sector*.
- ³¹ Hér er stuðst við CIDA 1993 *Women and Fisheries Development*.
- ³² Skilgreiningar gerðar í samráði við Jafnréttisstofu.
- ³³ Upplýsingar fengnar frá Jafnréttisstofu.

Heimildir og ítarefni

- Abadzi, H. 2003. *Adult Literacy: A Review of Implementation Experience*. Washington D.C.: World Bank.
- Abu-Ghaida, D. And S. Klasen. 2002. *The Cost of Missing the Millennium Development Goal on Gender Equity*. Washington D. C.: World Bank.
- Alþingi Íslendinga. 2000. *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96*. Reykjavík: Alþingi.
- Alþingi Íslendinga. 1981. *Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands nr. 43*. Reykjavík: Alþingi.
- CIDA (Canadian International Development Agency). 1993. *Women and Fisheries Development*. Quebec: CIDA Communications Branch.
- Cooke, B. and U. Kothari (ritstj.) 2000. *Participation: The New Tyranny*. London: Zed Books.
- Cornwall, A. 1998. Gender, Participation and the Politics of Difference. Í I. Guijt and M. Kaul Shah (ritstj.). *The Myth of Community: Gender Issues in Participatory Development*. London IT Publications: 46-57.
- Derbyshire, H. 2002. *Gender Manual: A Practical Guide for Development Policy Makers and Practitioners*. London: DFID.
- Félagsmálaráðuneytið. 2002. Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002 .
- Félagsmálaráðuneytið. 2004. *Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004*.
- Finnida. 2000. *Navigating Gender*. Helsinki: Department for International Development Cooperation.
- Greig, A., M. Kimmel og J. Lang. 2000. *Men, Masculinities & Development: Broadening Our Work Toward Gender Equality*. New York: UNDP (Gender in Development Programme).
- Jafnréttisstofa. 2001 [1997]. *Sambætting – Ný leið til jafnréttis kynjanna*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Martin, Emily 2001. *The Woman in the Body: A Cultural Analysis of Reproduction*. Boston: Beacon Press.

- Mayoux, L. 1995. Beyond Naivety: Women, Gender Inequality and Participatory Development. *Development and Change* 26 (2): 235-258.
- OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development). 1998. *DAC Sourcebook on Concepts and Approaches Linked to Gender Equality*. Paris: OECD.
- Razavi, S. and C. Miller. 1995. *From WID to GAD. Conceptual Shifts in the Women and Development Discourse*. Geneva: United Nations Research
- Schalkwyk, J. 2000. *Exercises in Gender Mainstreaming*. Gender in Development Monograph Series #8. New York: UNDP.
- Sida (Swedish International Development Agency). 1997. *Handbook for Mainstreaming: A Gender Perspective in the Health Sector*. Health Division Document 8. Stockholm: Department of Democracy and Social Development. (Health Division).
- Sida. 2000. *A Handbook on CEDAW, The Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination Against Women*. Stockholm: Swedish Ministry for Foreign Affairs.
- United Nations. 1979. *The Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination Against Women (CEDAW)*. New York: United Nations.
- United Nations. 1995. *Beijing Declaration and Platform for Action*. New York: United Nations.
- United Nations. 2000. *United Nations Millennium Declaration*. General Assembly resolution A/RES/55/2. New York: United Nations.
- United Nations. 2000. *The World's Women: Trends and Statistics*. New York: United Nations.
- United Nations Committee on the Elimination of Discrimination against Women. 1998. *Consideration of reports submitted by states parties under article 18 of the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women. Third and fourth periodic reports of States parties: Iceland*. CEDAW/C/ICE/3-4.
- UNDP (United Nations Development Programme). 1996. *Human Development Report 1995 – Gender and Human Development*. New York: UNDP.
- UNDP. 2004. *Human Development Report 2003 – Millennium Development Goals: A Compact Among Nations to End Human Poverty*. New York: UNDP.
- UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization). 2000. *Dakar Framework of Action. Education for All: Meeting Our Collective Commitments*. Paris: UNESCO.

- UNESCO. 2002. *Education for All Global Monitoring Report 2002: Is the World on Track?* Paris: UNESCO.
- UNESCO. 2003. *Gender and Education for All: The Leap to Equality. Global Monitoring Report 2003/4.* Paris: UNESCO.
- UNFPA (United Nations Population Fund). 2002. *Fast Fact – Maternal Mortality and Reproductive Health.* New York: UNFPA.
- UNICEF (United Nations Children's Fund). 2003. *The State of the World's Children 2004: Girls, Education and Development.* New York: UNICEF.
- UNIFEM (United Nations Development Fund for Women). 2002. *Progress of the World's Women – Gender Equality and the Millennium Development Goals.* New York: UNIFEM.
- World Bank. 1995. *World Bank Participation Sourcebook.* Washington: Environment Department, Social Policy and Resettlement Division.
- World Bank. 2001. *Engendering Development – Through Gender Equality in Rights, Resources and Voice.* World Bank Policy Research Report. New York: Oxford University Press.
- World Bank. 2003. *Gender Equality & The Millennium Development Goals.* World Bank, Gender and Development Group.
- Þróunarsamvinnustofnun Íslands. 2000. *Langtímaáætlun Þróunarsamvinnustofnunar Íslands fyrir árin 2000-2004.* Reykjavík: ÞSSÍ.

VIÐAUKAR

I HUGTAKASKILGREININGAR³²:

Kynhlutleysi (gender blindness): Undir merkjum kynhlutleysis er oft litið framhjá sértekum þörfum og reynslu karla og kvenna. Hlutlaus ákvæði hafa oft verri afleiðingar fyrir annað kynið. Því er nauðsynlegt að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga við alla ákvarðanatöku.

Kynhlutverk (gender role): Þau hlutverk og störf sem kynjunum er ætlað að sinna í samfélaginu sem byggjast oft á stöðluðum hugmyndir um getu og 'eðli' kynjanna. Þannig er oft gert ráð fyrir að konur séu í eðli sínu betri uppaldur og að karlar séu lagnari við að skipta um dekk.

Kynjajafnrétti (gender equality): Jöfn staða, tækifæri og jafn réttur karla og kvenna í samfélaginu

Kynjajafnvægi (gender parity): Jöfn hlutföll kynja í tilteknum störfum (t.d. nefndum og ráðum), sbr. kosningafyrirkomulag í Svíþjóð þar sem notaðir eru fléttulistar, ef kona er í 1. sæti, þá er karl í 2. sæti og svo koll af kolli.

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (gender mainstreaming): Sú skoðun að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild. Gert er ráð fyrir að kynferði verði grundvallarforsenda þegar verið er að móta nýja stefnu eða taka ákvarðanir á opinberum vettvangi. Markmiðið er að flétta sjónarhorn kynferðis (gender perspective) inn í alla stefnumótun innan samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna og gera bæði konum og körlum kleift að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf.

II ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR SEM TENGJAST JAFNRÉTTISMÁLUM OG ÍSLAND Á AÐILD AÐ³³:

1. Ísland fullgilti Mannréttindasamning Evrópu árið 1953.
2. Ísland fullgilti samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) nr. 100 (1958) um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf.
3. Árið 1963 fullgilti Ísland samþykkt ILO nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.
4. Ísland varð aðili að Félagsmálasamningi Evrópu 1976.
5. CEDAW samningur (1979) um afnám á öllu misrétti gegn konum var undirritaður af Íslenskum stjórnvöldum 1980 og fullgiltur 1985.
6. Ísland tók þátt í Beijing ráðstefnunni og gerð framkvæmda-áætlun hennar 1995.
7. Sem aðildarþjóð Sameinuðu þjóðanna ber Íslandi að virða skuldbindingar Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000.





Í hverju samfélagi eru misjöfn viðhorf, væntingar, réttindi og skyldur tengdar því að vera karl eða drengur annars vegar og kona eða stúlka hins vegar.